



# Varðan 2014

---

*Greinargerð dómnefndar*

Viðurkenning Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja sem lokið var við á árunum 2011-2013

Útgefandi: Vegagerðin

Dómnefnd: Aron Bjarnason, Eiríkur Bjarnason, Helga Aðalgeirsdóttir.

Ritari: Matthildur B. Stefánsdóttir.

Forsíðumynd: Varða við húsnæði Vegagerðarinnar í Borgartúni 7, Reykjavík.

## Efnisyfirlit

Varðan - Tilgangur.....	4
Tilnefningar.....	6
Mat dómnefndar.....	7
<i>Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss</i> .....	8
<i>Göngu- og hjólabrýr við Elliðaárvog</i> .....	8
<i>Norðausturvegur (85), tenging Vopnafjarðar</i> .....	8
<i>Snæfellsnesvegur um Haffjarðará (54-05)</i> .....	9
<i>Suðurstrandavegur (427)</i> .....	9
<i>Strandavegur (643), Djúpvegur - Geirmundarstaðavegur</i> .....	9
<i>Vestfjarðavegur (60), Þverá - Þingmannaá</i> .....	10
Varðan 2014.....	11
Lokaorð frá dómnefnd .....	14
Viðauki I. – Verklagsregla 4.0.02 Varðan .....	17



*Snæfellsnesvegur (54) um Haffjarðará.*



*Vestfjarðavegur (60), Þverá – Þingmannaá.*

## Varðan - Tilgangur

Vegagerðin veitir viðurkenningu vegna hönnunar og frágangs samgöngumannvirkja á þriggja ára fresti. Tilgangurinn með viðurkenningunum er að efla vitund um útlit og frágang mannvirkja meðal starfsmanna og verktaka Vegagerðarinnar, stuðla að umræðu þar um og að vitna um ákveðinn vilja yfirstjórnarinnar á þessu sviði. Svæði Vegagerðarinnar tilnefna þau mannvirki sem þau telja skara framúr hverju sinni. Dórnefnd fer á vettvang og skoðar allar tilnefningar og metur þær.

Þetta í fimmta sinn sem þessi viðurkenning er veitt hjá Vegagerðinni en hún var tilraunaverkefni þar til í maí 2014 þegar Verklagsreglan *Varðan* nr. 4.0.02 var gefin út í gæðahandbók Vegagerðarinnar (sjá viðauka I).

Í framhaldi af gildistöku verklagsreglunnar var skipuð dórnefnd til að annast mat á tilnefningum og veitingu Vörðunnar. Í nefndina voru skipuð þau Eiríkur Bjarnason forstöðumaður áætlanadeildar, Helga Aðalgeirsdóttir landslagsarkitekt á hönnunardeild og Aron Bjarnason deildarstjóri í framkvæmdadeild. Matthildur B. Stefánsdóttir deildarstjóri í gæðadeild var ritari nefndarinnar.

Samkvæmt verklagsreglunni skal hvert svæði Vegagerðarinnar tilnefna 1 – 2 mannvirki, sem lokið var við á árunum 2011-2013.

Dórnefndin vann eftir matskerfi þar sem hverju mannvirkivar gefin einkunn. Hún endurskoðaði fyrra matskerfi og gaf nú stig fyrir:

- Umferðarsjónarmið
  - Samræmi við markmið framkvæmdarinnar
  - Mikilvægi fyrir samfélagið
  - Upplifun vegfarenda
  - Umferðaröryggi
- Fagurfræði
  - Veglega
  - Aðlögun að landslagi og/eða arkitektúr
  - Heildarvegurð
- Útfærsla
  - Frágangur
  - Vegbúnaður
  - Áningarstaðir, bílastæði og/eða sérstök umhverfismótun

Þessi atriði voru síðan vegin saman og heildarniðurstaðan réð vali dórnefndar, sjá matsblað á næstu blaðsíðu.



*Dórnefndin og ritari að störfum.*

Matsblað dómnefndar									
Svæði	Framkvæmd	Rökstuðningur	Athugasemdir	Einkunnagjöf 0-10					
				Matsatriði	Matsmaður 1	Matsmaður 2	Matsmaður 3	Útreikn.	
				Umferðarsjónarmið					
				Samræmi					
				Mikilvægi fyrir samfélagið					
				Upplifun vegfarenda					
				Öryggissjónarmið					
				Fagurfræði					
				Veglega (augu vegfarenda)					
				Aðlögun mannvirkis að landslagi / arkitektúr					
				Heildarfeegurð					
				Útfærsla					
				Frágangur					
				Vegbúnaður					
				Áningarstaðir, bílastæði, sérstök umhverfismótun					
				Einkunn					

Fyrri dómnefnd lagði til að skoðaður yrði sá möguleiki að veita Vörðuna í fleiri en einum flokki samgöngumannvirkja. Í störfum sínum hafði hún sannfærst um að það henti ekki að nota sömu viðmið fyrir öll mannvirki vegna þess að erfitt geti verið að meta viðamikil mannvirki á móti lagfæringum á stuttum vegaköflum, sem þó fela oft í sér snjallar lausnir. Nefndin lagði því til að skoðaður yrði sá möguleiki að veita 2-4 viðurkenningar hverju sinni og voru umræður um eftirfarandi flokkana brýr, veglínur, vegamót, umferðarkerfi, byggðasjónarmið og umferðaröryggi

Núverandi dómnefnd hafði þennan möguleika til hliðsjónar við val á mannvirkjum til viðurkenningar.



*Gömul uppgerð brú yfir Haffjarðará.*

## Tilnefningar

Í þetta sinn voru tilnefnd sjö verkefni frá öllum svæðum Vegagerðarinnar. Dómnefndin skoðaði öll mannvirkin og mat þau á vettvangi.

Verkin sem voru tilnefnd eru:

Verk tilnefnd 2014		
Svæði nr.	Framkvæmd sem lauk á tímabilinu	Lokið
S	Göngu- og hjólabrýr við Elliðaárvog	2013
N	Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	2011
A	Norðausturvegur (85), tenging Vopnafjarðar	2013
V	Snæfellsnesvegur um Haffjarðará (54-05)	2012
V	Strandavegur (643), Djúpvegur - Geirmundarstaðavegur	2012
S	Suðurstrandarvegur (427), Grindavík-Þorlákshöfn	2012
V	Vestfjarðavegur (60), Þverá - Þingmannaá	2011



*Norðausturvegur (85), tenging Vopnafjarðar við Hringveg.*



*Áningarstaður við Norðausturveg í grennd við Vopnafjörð.*

## **Mat dómnefndar**

Valið miðar að því að draga fram það, sem best er gert í samgöngumannvirkjum á umræddu tímabili. Valið var erfitt því að þau verkefni sem dómnefndin skoðaði voru mjög vel af hendi leyst, enda vafamál að þau hefðu ratað í þennan hóp verkefna ef svo hefði ekki verið. Valið byggist á matsblaði dómnefndar, en tilfinning dómnefndarmanna og smekkur þeirra hefur áhrif í þeim tilvikum er einkunnir verða hnífjafnar.

Framkvæmdirnar voru allar skoðaðar síðsumars og haustið 2014.

21. ágúst:

Göngu- og hjólabrýr við Elliðaárvog.

10. september:

Dettifossvegur (862), Hringvegur – Dettifoss.

Norðausturvegur (85), tenging Vopnafjarðar.

11.-24. september:

Snæfellsnesvegur um Haffjarðará (54-05).

Nefndarmönnum tókst ekki að fara sérstaka ferð saman til að skoða og meta framkvæmdina, en skoðuðu hana hver í sínu lagi í tengslum við aðrar vinnuferðir.

25. september:

Strandavegur (643), Djúpvegur – Geirmundarstaðavegur.

Vestfjarðavegur (60), Þverá – Þingmannaá.

13. nóvember:

Suðurstrandarvegur (427), Grindavík-Þorlákshöfn.

Það er mat dómnefndar að hönnun þeirra mannvirkja sem skoðuð voru, hafi í flestu tekist vel. Dómnefndin vill þó vekja athygli Vegagerðarfólks á því að lokafrágangur smáatriða mætti á stundum vera betri. Bent er á nokkur þessara atriða í umsögn um viðkomandi framkvæmd.



Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir mati dómnefndar á mannvirkjunum.

### ***Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss***

Framkvæmdin fól í sér mikla breytingu á samgöngukerfi svæðisins með bættu aðgengi ferðamanna að náttúruperlum sem og auknu umferðaröryggi vegfarenda.

Verkið fólst í nýbyggingu vegarins frá Hringvegi norður að Dettifossi og nýbyggingu tengingar af Dettifossvegi að Dettifossi. Þá var einnig um að ræða gerð tveggja útskota, eins áningarstaðar við Dettifossveg og gerð bílastæðis við Dettifoss. Klæðing var lögð á vegi, útskot og áningarstað en bílastæði við Dettifoss var malbikað.

Nýi vegurinn er uppbyggður og fellur vel að landslagi, með ágæta hæðar- og planlegu sem uppfyllir kröfur í veghönnunarreglum Vegagerðarinnar.

Frágangur var unnin í samráði við Umhverfisstofnun og Landgræðsluna. Nokkuð sérstakt verklag var viðhaft við frágang á fláum þar sem misstórir steinar voru settir hér og þar utan öryggissvæðis, í stað þess að slétta alveg. Þetta var gert til að auka flæði milli vegarins og landslagsins í kring, þar sem grjót og holt standa á stöku stað upp úr sandinum.

Hámarkshraði á tengingu að Dettifossi er merktur 70 km/klst en svo er leiðbeinandi hraði í beygjum 50 km/klst. Að mati dómnefndar væri betra að hafa 50 km/klst á allri tengingunni.

### ***Göngu- og hjólabrýr við Elliðaárvog***

Sérstök mannvirki sem rísa upp úr borgarumhverfinu. Brýrnar stytta leiðina milli Grafarvogs og miðborgar umtalsvert eða um 700 m.

18 metra hár þríhyrndur píramídi með skástögum í brúargólfið. Brúargólfin sem hanga í burðarvirkinu eru 36 metra löng með burðargrind úr stálbitum og holplötum með steypu lagi. Brýrnar eru 4,5 m breiðar.

Að mati dómnefndar hefði frágangur á gróðursvæði milli brúnna mátt vera betri, en þar var talsvert af illgresi. Öryggi á brúnum er ekki nógu gott, því það vantar aðskilnað gangandi og hjólandi umferðar, auk þess er nokkur hættu á að hjólað sé á handrið.

### ***Norðausturvegur (85), tenging Vopnafjarðar***

Verkið fólst í nýbyggingu Norðausturvegar til Vopnafjarðar með nýrri vegtengingu við þéttbýlið þar sem gerður var áningastaður og bæjarhlið. Einnig var nýbygging vegar milli Hofsár- og Vesturárdals, Hofsárdalsvegur svokölluð millidalaleið.

Umræddir vegkaflar voru lokaáfangi í tengingu Vopnafjarðar við Hringveg sem byrjað var á árið 2000 með vegtengingu inn á Norðausturveg við Brunahvammsháls.

Nýi vegurinn leysir af hólmi gamlan, mjóan, burðarlítinn malarveg sem uppfyllti engan veginn nútíma kröfur þar sem fara þurfti veg með kröppum beygjum og mjög bröttum brekkum upp/niður úr Hofsárdal. Hann liggur um 100-300 m neðar í landinu á um 11-12 km kafla og með jöfnum litlum halla niður í Vesturárdal. Hann er með bundnu slitlagi, jafnri og góðri legu í landinu og hefur stórbætt vegasamgöngur til og frá Vopnafirði, auk þess sem millidalaleiðin bætir mikið vegasamgöngur innan sveitar í Vopnafirði.

Ný vegtenging inn í þéttbýlið á Vopnafirði liggur vel í landinu ofan við þéttbýlið þar sem er snyrtilega hannaður áningarstaður með miklu útsýni yfir Nýpslón. Að mati dómnefndar er lokafrágangur þar þó ekki nógu góður, asfalt ofan á hellum, vantar klæðing á hluta bílastæða og illa sléttuð klæðing á hluta þess.

Bæjarhlið er ofan við innkomuna yst við þéttbýlið. Með nýrri vegtengingu fer flutningaumferð til og frá hafnarsvæðinu stystu leið út úr þéttbýlinu í stað þess að fara í gegnum þéttbýlið að stórum hluta.

Verkið er vel unnið, frágangur á fyrrgreindum vegum og svæðinu við þá, auk efnistökuastaða, er góður. Ólokið er þó við frágang á tveimur námum og uppgræðslu á svæðinu að hluta.

Í Vesturárdal ofan Haukstaða er lítill hóll sem var varðveittur og telur dómnefnd það til fyrirmyndar.

### ***Snæfellsnesvegur um Haffjarðará (54-05)***

Ný 80 m löng brú, á fallegum stað yfir veiðía, í stað einbreiðrar brúar frá 1965 og endurbygging Snæfellsnesvegur að brúnni á um 1 km kafla. Enn eldri brú frá 1912 nokkru neðar í ánni lagfærð og gerð sem ný.

Nýja brúin yfir Haffjarðará er mjög falleg og fellur vel að umhverfinu en því miður sjá vegfarendur ekki útlit hennar þegar þeir aka yfir.

Gamla brúin er á fallegum stað og er hún nokkuð snotur, en því miður sést hún ekki frá þjóðveginum og það vantar aðgengi að henni því hún liggur á einkavegi.

Að mati dómnefndar hefði mátt leggja meiri alúð í smáatriði varðandi útlit við endurhönnun gömlu brúarinnar.

### ***Suðurstrandavegur (427)***

Vegurinn liggur um fjölbreytt landslag og fjölmörg hraun sem sum hver eru runnin á jarðfræðilegum nútíma. Veglínur voru valdar með það að markmiði að draga úr áhrifum vegarins á umhverfi og menningarminjar.

Verkið fólst í nýbyggingu Suðurstrandarvegur (427) í tveimur áföngum:

Á milli Krýsuvíkurvegar og Þorlákshafnarvegur á 33,6 km löngum kafla ásamt 2,3 km löngum tengingum við hann, smíði 12 m steyprar bitabrúar á Vogsós neðan Hlíðarvatns í Selvogi, auk ræsa, grjótnargarða, reiðstígs og girðinga.

Á milli Ísólfskála og Krýsuvíkurvegar á 14,6 km löngum kafla ásamt gerð tenginga við hann, lögn ræsa, gerð reiðstíga og girðinga.

Að mati dómnefndar spilla opnar námur við vesturenda vegarins útliti hans. Á kafla um hraunið vestast virka öryggissvæði ekki nógu breið því að skeringar eru mjög brattar og falla ekki nógu vel að landslagi. Auk þess vantar áningarstaði og upplýsingaskilti við veginn.

### ***Strandavegur (643), Djúpvegur - Geirmundarstaðavegur***

Smíði nýrrar brúar í stað einbreiðrar brúar á Staðará og nýr 2,8 km langur vegur.

Vegurinn liggur að mestu með ströndinni. Falleg rofvörn og frágangur á öllu vegsvæðinu er til fyrirmyndar. Að mati dómnefndar er mjög góð aðlögun að landi og mjög góður frágangur skeringa.

### ***Vestfjarðavegur (60), Þverá - Þingmannaá***

Nýbygging á 15,9 km frá Þverá í Kjálkafirði að Þingmannaá í Vatnsfirði.

Vegurinn liggur um viðkvæmt svæði, sérstaklega innan friðlandsins í Vatnsfirði. Víða hefur þurft að fella landslagið að veginum með miklum skeringum og fyllingum, fer út í fjöru á köflum. Allur frágangur er góður.

Vegurinn er mjög fallegur á kafla þar sem gróðurinn í gömlu sjávarbökkunum hangir fram yfir kletta ofan vegar, en að mati dómnefndar hefði uppgræðslan mátt vera í meira samræmi við umhverfið.



*Áningarstaður við Dettifossveg.*

## Varðan 2014

Dómnefndin ákvað að veita Vörðuna í tveimur flokkum að þessu sinni, annarsvegar í flokki vega og hins vegar í flokki brúa.

Verkefni sem dómnefndin valdi til viðurkenningar eru:

**Dettifossvegur (862), Hringvegur – Dettifoss**

og

**Göngu- og hjólabrýr við Elliðaárvog**



*Dettifossvegur (862), Hringvegur – Dettifoss.*



*Göngu og hjólabrýr við Elliðaár (ljósmynd frá Teiknistofunni Tröð).*

### *Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss*

Vegurinn liggur um ógróið sandsvæði vestan Jökulsár á Fjöllum. Hann leysti af hólmi niðurgrafinn og hlykkjóttan vegslóða með mörgum blindhæðum og litlu burðarþoli. Vegurinn er uppbyggður og það hefur tekist að fella hann að landslaginu, þannig að náðst hefur fram tæknilega góð veglína sem eykur öryggi vegfarenda, án þess að draga úr upplifun þeirra af sérstöku landslaginu. Frágangur er góður og einfaldur, unninn í samráði við yfirvöld þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og Landgræðsluna. Áningarstaður og bílastæði eru vel heppnuð hvað varðar staðsetningu, gerð og frágang.



*Dettifossvegur (862), Hringvegur – Dettifoss.*



*Bílastæði við Dettifoss.*

### *Göngu- og hjólabrýr við Elliðaárvog*

Göngu- og hjólabrýr yfir Elliðaárósa eru tákni um breytta tíma með áherslu á sjálfbæran samgöngumáta. Áhugaverð og skemmtileg upplifun á hjólaleið um Geirsnef gerir hjólreiðar að valkosti þeirra sem eiga erindi milli bæjarhluta vestan og norðaustan Elliðaáa.

Þríhyrndur grunnflötur er teygður upp í hyrnu. Formið er dregið upp úr miðju flatarins af fjórða horninu. Bitarnir þrír tengjast saman í toppi hyrnunnar og tylla sér á einfaldar undirstöður við árbakkann. Þetta er burðarvirki brúarinnar sem ber lárétt þunnbyggt brúargólfið með stögum. Leitast var við að lágmarka efnisnotkun með því að gefa brúnum stöðugt grunnform, sem jafnframt er sérkenni þeirra.

Brýrnar mynda eina samfellda heild á milli árbakka. Brúargólfin eru samtengd með stíg sem sveigist eftir manngerðu landslagi Geirsnefsins og breikkar við áningarstaði.

Verkkaupar voru Reykjavíkurborg og Vegagerðin.



*Göngu og hjólabrýr við Elliðaár.*



Göngu og hjólabrýr við Elliðaár

## Lokaorð frá dómnefnd

Dómnefnd sú, sem skipuð var til að annast veitingu Vörðunnar, hefur nú lokið störfum.

Dómnefndin hefur enn á ný fundið fyrir vaxandi áhuga á þessu máli meðal starfsmanna Vegagerðarinnar. Því er vonast til að veiting viðurkenningarinnar hvetji Vegagerðarfólk, ráðgjafa og verktaka áfram til að leggja sig stöðugt fram við hönnun, gerð og frágang samgöngumannvirkja. Dómnefndin telur mikla breytingu hafa orðið til batnaðar á undanförunum 15-20 árum við hönnun, gerð og frágang samgöngumannvirkja. Hversu stórt hlutverk Varðan spilar þar er þó ómögulegt að segja til um.

Dómnefndin þakkar þeim starfsmönnum sem komu að tilnefningunum góð störf. Einnig þakkar hún öllum þeim starfsmönnum sem hún hitti á ferðum sínum fyrir góðar móttökur. Að lokum vill dómnefndin þakka yfirstjórn Vegagerðarinnar það traust sem henni var sýnt.

Reykjavík, 1. desember 2014


Aron Bjarnason,

Eiríkur Bjarnason,

Helga Aðalgeirsdóttir.



*Strandavegur (643), Djúpvegur – Geirmundarstaðavegur.*



*Norðausturvegur (85) til Vopnafjarðar.*





*Dettifossvegur (862), Hringvegur – Dettifoss.*



*Suðurstrandarvegur (427), Grindavík – Þorlákshöfn.*

## Viðauki I. – Verklagsregla 4.0.02 Varðan

Útgefið gæðaskjal:

Útg.d...: 13.05.2014

Útgáfa...: 1.0

Áb.maður...: Matthildur Bára Stefánsdóttir

### Markmið:

Frankvæmt af: Forstjóra, svæðisstjórum, gæðadeild og samskiptadeild.

Hvenær: Þriðja hvert ár, 2014, 2017 o.s.frv.

Tilvísanir: Vegalög nr. 80/2007, lög nr. 120/2013 um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, hlutverk, framtíðarsýn og umhverfisstefna Vegagerðarinnar

Skrásetning: Skjalavistunarkerfi Vegagerðarinnar

### Framkvæmd:

#### 1. Tilgangur og umfang

Að efla vitund um hönnun, útlit og frágang mannvirkja á meðal starfsmanna og verktaka sem vinna fyrir Vegagerðina og stuðla þannig að umræðu þar um.

Að vitna um vilja yfirstjórnar Vegagerðarinnar á þessu sviði.

Til álita koma fullgerð samgöngumannvirki og landmótunarverkefni sem lokið hefur verið við á þriggja ára tímabili, 2011-2013, 2014-2017 o.s.frv., samkvæmt árlegum verklokalista í 1. eða 2. tbl. Framkvæmdafrétta.

#### 2. Tilnefningar

Gæðadeild kallar eftir tilnefningum. Hvert svæði tilnefnir 1 – 2 mannvirki á svæðisfundi í samráði við umhverfis- og öryggisnefnd svæðisins. Við valið skal taka tillit til hönnunar, útlits og aðlögunar að umhverfi og frágangs, eins og við getur átt í hverju tilviki. Tilnefningum með rökstuðningi skal skila til forstjóra fyrir 1. júní á þar til gerðu eyðublaði.

#### 3. Dómnefnd

Forstjóri skipar dómnefnd fyrir 1. júní. Skulu þar sitja þrír menn og/eða konur með þekkingu á landmótun og hönnun samgöngumannvirkja í sátt við umhverfið. Ritari dómnefndar skal vera starfsmaður gæðadeildar.

#### 4. Mat mannvirkja

Dómnefnd skal hefja störf þegar tilnefningar hafa borist og meta tilnefnd mannvirki, velja þrjú til fimm bestu og velja eitt þeirra til viðurkenningar. Við matið skal taka tillit til hönnunar, útlits og aðlögunar að umhverfi sem og frágangs, samkvæmt gátlista.

## 5. Mat mannvirkja

Veita skal viðurkenningu fyrir besta mannvirkið sem komi fram á viðurkenningarskjali sem hengt er upp á viðkomandi svæðisstöð og lýsi gerð mannvirkis og geti þeirra sem einkum komu að gerð þess. Hönnuðum og verktaka verði einnig veitt viðurkenning.

## 6. Kostnaður

Kostnaður vegna tilnefninga á svæðum greiðist af Vegagerðinni á viðkomandi svæði. Kostnaðar vegna dómnefndar, viðurkenninga og útgáfu kynningarefnis greiðist af gæðadeild.

## 7. Greinargerð

Dómnefnd skal skila yfirstjórn greinargerð um framkvæmd verkefnisins.

## 8. Kynning

Samskiptadeild kynnir niðurstöður dómnefndar í Framkvæmdafréttum og á vef Vegagerðarinnar. Hún gefur einnig út bækling/einblöðung um verkefnið með upplýsingum og myndum um vinningsverkið og önnur mannvirki sem komust í úrslit á íslensku, ensku og dönsku. Bæklingurinn/einblöðungurinn skal sendur til fjölmiðla, samgöngustofnana annarra Norðurlanda og til kynningar í erlendu samstarfi.

## 9. Fylgiskjöl

Eyðublað svæðis fyrir tilnefningar.

Matsblað dómnefndar.



*Strandavegur (643), Djúpvegur – Geirmundarstaðavegur.*

